

Fréttabréf

Lífeyrisdeildar Sameykis

2. tbl. 6. árg. september 2024



Haustfagnaður

Fimmtudaginn 31. október 2024 , kl. 12.00

Gullhamrar í Grafarholti, Þjóðhildarstíg 2

Lífeyrisdeild Sameykis stendur fyrir haustfagnaði fyrir félagsfólk Lífeyrisdeildar. Boðið verður upp á Lamb og purusteik ásamt meðlæti, súkkulaðifrauð og kaffi.

Hera Björk Þórhallsdóttir syngur og skemmtir.

Grímur Sigurðsson ásamt félögum spila fyrir dansi.

Verð 5.000 kr. á mann

Hægt er að skrá sig á haustfagnaðinn hér á vef Sameykis:

www.sameyki.is/um-sameyki/lifeyrisdeild/

Reikningur verður sendur í heimabanka.

Félagsfólk má bjóða einum gesti með á fagnaðinn.

Síðasti dagur til að skrá sig er föstudagurinn 25. október.

Fréttir af félagsstarfinu

Aðalfundur Lífeyrisdeildar Sameykis

Aðalfundurinn var haldinn 21. maí sl. Ágætis fundarsókn var á fundinn sem haldinn var í félagamiðstöðinni á Grettisgötu 89 og aðalfundarstörf gengu hratt og vel fyrir sig. Stjórn gaf skýrslu um síðasta starfsár. Lagðir voru fyrir endurskoðaður reikningur símenntunarsjóðs. Gerðar voru breytingar á starfsreglum deildarinnar. Stjórn er kjörin til tveggja ára þannig að þetta ár fór ekki fram kosning í stjórn.



Vorfagnaður

Vorfagnaður Lífeyrisdeildar var haldinn í Gullhömrum 7. maí sl.

Boðið var upp á glæsilegan hádegisverð að venju. Eyþór Ingi kom og skemmti okkur við mikinn fögnuð. Að lokum var dansað við skemmtilegan undirleik Gríms Sigurðssonar og Söru Grímsdóttur.



Sumarferðir í Þórsmörk

Þrjár skipulagðar leiðsöguferðir í Þórsmörk voru í lok júní og byrjun júlí undir frábærri leiðsögn Harðar Gíslasonar. Keyrt var að Hvolsvelli og tekið stutt stopp. Þegar komið var í Bása var fólki boðin kjötsúpa og vegansúpa með hrökkbrauði og viðbiti eins og gengur. Síðan var spjallað og hlegið og farið saman í mislanga göngutúra um svæðið sem er

ægifagurt allt um kring. Við Gígjökul var áður stórt og djúpt lón sem nú er horfið eftir að hlaup úr Eyjafjallajökli gekk þar fram við eldgosið 2010. Mikilfenglegt þótti ferðafélögunum að virða þetta fyrir sér. Á Fröken Selfoss var tekið vel á móti okkur með dásamlegum kvöldverði.

Orlofstilboð að vetri



Félagar í Lífeyrisdeild Sameykis geta leigt sér orlofshús yfir vetrartímann, á virkum dögum í Vaðnesi og í Munaðarnesi á 2.650 kr. nóttina en helgarverðið er það sama fyrir alla. Kíkið inn á orlofsvefinn okkar eða hafið samband við skrifstofuna ef þið ætlið að nýta ykkur afsláttinn.

Orlofsjóður býður upp á fleiri kosti en orlofshús og íbúðir svo sem gjafabréf í flug en það er kynnt á orlofsvef Sameykis. Endilega kíkið á það.

Gott að vita – námskeið fyrir allt félagsfólk


Gott að vita námskeið Sameykis standa öllu félagsfólki til boða. Við hvetjum félagar í lífeyrisdeildinni til að kynna sér hvað er í boði. Upplýsingar má finna bæði í blaði Sameykis en einnig á www.sameyki.is



Símenntunarsjóður Lífeyrisdeildar

Félagar í Lífeyrisdeild Sameykis hafa aðgang að sérstökum símenntunarsjóði. Hægt er að sækja um styrki vegna námskeiða og fræðslu.

Greiddir eru styrkir úr sjóðnum tvisvar á ári, 15. maí og 15. nóvember. **Frestur til að senda inn umsóknir í haust er 10. nóv.**



Félagsfólk getur fengið að hámarki 32.000 kr. styrk yfir almanaksárið samkvæmt framlögðum gildum kvittunum. Greiðslur geta þó orðið lægri ef umsóknir eru margar. Ekki er greitt fyrir námskeið meira en ár aftur í tímann. Hægt er að sækja um rafrænt á vef Sameykis www.sameyki.is undir **Lífeyrisdeild**.

Öllum umsóknum verður að fylgja gild kvittun með kennitölu félagsmanns og fræðsluaðila.

Skráning í Lífeyrisdeild

Athugið að nauðsynlegt er að skrá sig í lífeyrisdeildina þegar fólk hættir störfum. Það gerist ekki sjálfkrafa. Hægt er að skrá sig á vefsíðu félagsins undir Lífeyrisdeild eða hafa samband við skrifstofu sameyki@sameyki.is eða í síma 525 8330. Láttu endilega vini og féлага sem eiga rétt á aðild vita, ef þeir hafa ekki skráð sig.

Ertu ekki örugglega vinur okkar á facebook?



Fréttabréf Lífeyrisdeildar Sameykis stéttarfélags í almannajónustu
Áb.maður: Þórarinn Eyfjörð - Umsjón: Ingibjörg Óskarsdóttir
Útgefandi: Sameyki stéttarfélag í almannajónustu
Grettisgötu 89 - 105 Reykjavík 5258330 - sameyki@sameyki.is